

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 19. september 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu).**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 4. september sl.

SA skiluðu umsögn um málið á áformsstigi og áréttu nú þá afstöðu sem þar kom fram. SA fagna áformum um sameiningu verkefna á sviði tollafgreiðslu og tollgæslu, sem embætti tollstjóra annast nú, og þeirra verkefna sem embætti ríkisskattstjóra sinnir. Embættin vinna að skyldum verkefnum og sameining þeirra mun hafa í för með sér víðtæk samlegðaráhrif og hagræði, með betri nýtingu upplýsingakerfa og bættri þjónustu við notendur. Jafnframt aukast möguleikar á markvissari samnýtingu upplýsinga.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta tækifæri sem felast í örum tæknibreytingum. Almennigur og atvinnulíf gera auknar kröfur um sjálfsafgreiðslu og stafræna þjónustu og með framförum í upplýsingatækni hefur hugmyndum og aðferðum við veitingu opinberrar þjónustu verið umbylt. Stærra embætti býður upp á frekari möguleika í þá veru. Með aukinni samþættingu verkefna, sem leiðir til meiri skilvirkni, minni kostnaðar og bættrar þjónustu fyrir almenning og fyrirtæki felast mikil tækifæri til að styrkja þjónustu og stjórnvísu RSK og tollstjóra, m.a. með aukinni sjálfvirknivæðingu og rafrænum lausnum. Stærri eining er auk þess betur í stakk búin til að tryggja rekstraröryggi og öryggi í aðgangi og meðferð upplýsinga.

Tæknibreytingar gera nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að í öllum geirum sé hvatt til nýsköpunar. Það á jafnframt við hjá hinu opinbera. Með stærra embætti og breiðara verkefnasviði aukast möguleikar í þessa veru og frekari tækifæri til starfsþróunar verða til. Með stafrænni þróun opnast tækifæri til að stunda fjarvinnu sem er kostur fyrir störf á landsbyggðinni. Að sama skapi má sjá fyrir sér sveigjanlegri vinnutíma.

Mikil tækifæri felast í því að heildarferli þjónustu, álagningar, innheimtu og eftirlits sé á hendi eins og sama aðilans. Öll þjónusta verður á einum stað, almenningi, starfsmönnum, ríkisaðilum og samfélaginu til hagsbóta. Einstaklingar og lögaðilar munu eiga við færri opinbera aðila og kerfið færir nær því að vera hannað miðað við

þarfir notenda þess. Með sameiningunni verður til öflugri stofnun sem er betur til þess fallin að takast á við áskoranir framtíðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Heiðrún B. Gísladóttir.*

Heiðrún Björk Gísladóttir